

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Fjallabyggð.

*Frístundasvæði vestan Óss í Ólafsfirði.*

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 7. desember 2011 deiliskipulag frístundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði, Fjallabyggð.

Skipulagssvæðið er um 44,5 ha að stærð og er skipulagt sem frístundasvæði til ýmissa nota. Svæðið afmarkast af þjóðvegi í suðri, affalli Ólafsfjarðarvatns, ósnum að austan, sjávarströndinni að norðan og fjallsrótum að vestan.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Útivistarsvæði í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði.*

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 15. febrúar 2012 deiliskipulag útivistarsvæðis í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði, Fjallabyggð.

Deiliskipulagsvæðið er u.þ.b. 773 ha að stærð og tekur yfir dalbotn Hólsdals og hliðardalinn Skarðsdal. Í Hólsdal er golfvöllur, skógrækt, knattspyrnusvæði, tjaldsvæði og þjónustureitur en í Skarðsdal er skíðasvæði.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Fjallabyggð, 19. mars 2012.*

**Sigurður Valur Ásbjarnarson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2012